



Ljósmynd: Hróbjartur Arnason

Hvað vitum við um nemendur okkar?

Könnun um aðstæður nemenda og viðhorf þeirra til náms á Menntavísindasviði

Hróbjartur Arnason, lektor við Deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði, Elsa Eiríksdóttir, dósent við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði og Ingibjörg Kjartansdóttir, verkefnastjóri við Menntavísindastofnun

Við Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands (HÍ) er starfshópur að störfum við verkefni sem fengið hefur heitið *Þróum fjarnámið* og gengur meðal annars út á að þróa nokkur skýr líkön fyrir nám og kennslu á námsleiðum sviðsins. Markmið verkefnisins er að finna nýjar leiðir í kennslu, skapa nemendum og kennurum skýrari ramma varðandi nám og kennslu og auka gæði námsins. Verkefnið fékk fjögurra milljóna styrk úr Kennslumálasjóði HÍ í apríl 2017.

Starfshópurinn vinnur í anda aðferða *skapandi lausnaleitar* (e. creative problem solving) þar sem fyrsta skrefið er að skapa skýra mynd af stöðunni, hið næsta að safna hugmyndum til lausnar, þriðja skrefið snýst um að velja og þróa valdar leiðir og það fjórða að þróa þær og útfæra. Mikill tími hefur farið í fyrsta skrefið – að útbúa skýra mynd af stöðunni. Aðferðirnar sem hafa verið notaðar til að afla gagna felast í að leggja spurningakannanir fyrir nemendur MVS, framkvæma símakannanir

fyrir bæði nemendur MVS og skólustjóra grunnskóla, auk þess að safna upplýsingum um fyrirkomulag kennslu á fjölda námskeiða við MVS og greina skýrslur um nám við Kennaraháskóla Íslands og MVS undanfarin tíu ár. Helstu niðurstöður úr rannsókninni voru kynntar á málstofu um háskólakennslu¹ á Menntakviknu 2018.

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum spurningakönnunar sem nemendur á MVS svöruðu um aðstæður sínar og viðhorf til námsins.

Hvað vitum við um nemendur okkar?

Við MVS eru skráðir um 2000 nemendur, ekki eru þó allir virkir. Þeir fengu allir sendan póst með beiðni um að svara spurningakönnun, 430 svör bárust, það þýðir að svarhlutfall er um 21,5%. Með því að bera nokkrar lýðfræðilegar breytur hjá svarendum saman við sömu

breytur hjá skráðum nemendum má álykta að svarendur samsvari þýðinu mjög vel.

Það fyrsta sem er eftirtektarvert, þegar gögnin eru skoðuð, er að rúmlega helmingur svarenda skilgreinir sig sem fjarnema, meðan 39% skilgreina sig sem staðnema og 9% segjast velja einstaka námskeið í fjarnámi. Af þeim var einhver hópur sem sagðist gera það vegna þess að námskeiðin væru aðeins í boði sem fjarnámskeið. Aðrir gerðu það af hagkvæmnisástæðum og voru breytingar á fjölskylduhögum þar nokkuð áberandi. Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir námsstigi kemur skýrt fram að stærri hluti grunnnema skilgreinir sig sem staðnema, meðan staðan er öfug meðal meistaranema.

Gögnin benda til þess að það gæti verið rétt að skoða fjarnema og staðnema sem aðgreinda hópa og jafnvel grunn- og framhaldsnema einnig út frá aðstæðum þeirra, þörfum og viðhorfum. Lýðfræðin leiðir í ljós að grunnnemar eru yngri, velja oftar staðnám og

¹ Erindin frá málstofu um háskólakennslu má nálgast hér: <http://tiny.cc/haskolakennsla>

hlutfallslega fleiri þeirra stunda nám af áhuga án tillits til starfsmöguleika.

Athygli vekur að aldursdreifing nemenda á MVS er nokkuð önnur en meðaltal hennar við HÍ í heild (sjá mynd 1). Það eru færri yngri nemendur og fleiri á miðjum aldri en að meðaltali í skólanum. Um 8% nemenda við HÍ eru til dæmis 21 til 24 ára á meðan þessi aldurshópur er 4–6% nemenda við MVS. Sömuleiðis eru nemendur í hverjum árgangi eftir þrítugsaldurinn yfirleitt um 1% nemenda við HÍ en um einu prósentustigi fleiri í hverjum árgangi eftir það við MVS.

Þá er og áhugavert að sjá að aldur þeirra sem skilgreina sig sem fjarnema við MVS er almennt hærri en aldur þeirra sem skilgreina sig sem staðnema.

Búseta

Svo til allir nemendur sem búa úti á landi skilgreina sig sem fjarnema. Helmingur höfuðborgarbúa skilgreinir sig sem fjarnema eða taka stundum námskeið í fjarnámi og hinn helmingur þeirra skilgreinir sig sem staðnema. Þegar horft er til námsstigs skilgreina um 64% grunnnema sig sem staðnema og 9% taka stundum námskeið í fjarnámi. Þannig virðist tæplega 3/4 hluti þeirra taka meirihluta námsins í staðnámi.

Þegar búsetuform nemenda er skoðað kemur í ljós að 25% staðnema búa í foreldrahúsum. Þeir eru um 13% svarenda en meirihluti nemenda MVS er í sambúð eða búa einir, þannig að meirihluti nemenda ber ábyrgð á eigin heimili. Athyglisvert er að svarendur eiga samtals um 428 börn, 57% svarenda eiga börn. Fjarnemar eiga tæplega 90% þeirra. Svör við öðrum spurningum skýra myndina enn frekar en þar kemur fram að fjölskylduábyrgð hefur mest áhrif á nám fjarnema. Þar fyrir utan virðast þeir geta haft minni áhrif á vinnutíma sinn en staðnemar.

Vinnuþátttaka nemenda við fræðasviðið almennt er mikil; 80% fjarnema vinna meira en 30 tíma á viku og 76% staðnema vinna 30

tíma á viku eða minna. Þá er og áhugavert að flestir vinna þeir störf sem tengjast náminu á beinan eða óbeinan hátt. Þrátt fyrir að fjölskylduhagir og skuldbindingar í vinnu hafi áhrif á námið segjast þeir nemendur sem vinna meira en 30 tíma á viku verja nægum tíma í námið. Þeir sem unnu minna en 30 tíma á viku sögðust aftur á móti frekar verja of litlum tíma í námið. Hlutfallið er eins hjá öllum sem vinna minna en 30 tíma á viku; 68% segjast ekki verja nægum tíma í námið og 32% segjast verja nægum tíma í það. Námsframvinda er mest hjá staðnemum; 72% þeirra ljúka meira en 25 einingum á misseri en einungis 44% fjarnema. Um fjórðungur fjarnema lýkur einni til fimmtán einingum á misseri.

Þegar spurt er um tilgang námsins segjast flestir (55–65%) vera að afla sér starfsréttinda. Um 20–30% segjast vera að sérhæfa sig á sviði sem þeir hafi þegar tileinkað sér. Þar eru fjarnemarnir fjölmennari. Sömuleiðis eru um 30% sem segjast líta á námið sem starfsþróun. Þar eru fjarnemarnir líka fjölmennari (35%), þannig að ljóst er að margir í mennta- og fræðslugeiranum nota háskólanám til að styrkja sig og þróast í starfi. Í þessu samhengi er athyglisvert að um 45% staðnema segjast vera að læra það sem þeir hafi áhuga á, óháð starfsmöguleikum, á meðan aðeins 20% fjarnema svara á þann veg.

Viðhorf til námsins

Helmingur (51%) fjarnema segir ástæðu þess að þeir velji að vera í fjarnámi vera vegna atvinnu en 23% segjast velja fjarnám vegna búsetu. Hjá þeim sem velja stundum fjarnám eru ástæður þess mismunandi. Þar eru fjölskylduástæður þó mun meira áberandi en hjá hinum. Þetta má trúlega skilja á þann hátt að sumir nýti sér þann sveigjanleika sem er í boði eftir aðstæðum hverju sinni. 72% þeirra sem segjast fyrst og fremst vera staðnemar segjast aldrei velja fjarnám.

Meirihluta þeirra sem skilgreina sig sem staðnema finnst mikilvægt eða nokkuð mikilvægt að mæta reglulega í skólann, á meðan

hlutfallið er 22% hjá fjarnemum og 46% hjá þeim sem velja stundum fjarnám (sjá mynd 2).

Þegar spurt er um mikilvægi þess að mæta í skólann er niðurstaðan svo til eins hjá nemendum hvort heldur þeir eru stað- eða fjarnemendur. Hér fyrir neðan er niðurstöðunum raðað eftir sætisröð:


Hvað er mikilvægt við að mæta í skólann:
Hitta samnemendur; hitta kennara (nr. 4 hjá staðnemum); geta spurt kennara á staðnum; vinna verkefni á staðnum með nemendum; sitja fyrirlestra (nr. 6 hjá fjarnemum); fá aðstoð við verkefnavinnu.

Hvað er mikilvægt að gerist í staðlotum (þegar fjarnemar mæta í skólann oft heilan dag í einu): Umræður um námsefnið; fyrirlestrar kennara (nr. 4 hjá staðnemum og þeim sem taka einstaka námskeið í fjarnámi); hópverkefni; verklegir tímar; þjálfun í verklegum þáttum; vettvangsheimsóknir.


Þegar spurt er um ánægju með námið er sláandi að fjarnemendur og þeir sem taka stök námskeið í fjarnámi eru mjög ánægðir með námið (sjá mynd 3).

Lokaorð


Þessar fyrstu niðurstöður um stöðu nemenda, aðstæður og viðhorf benda til þess að sveigjanleiki í námi skipti marga nemendur við MVS máli. Helmingur nemenda við sviðið skilgreinir sig sem fjarnema og velja flestir þann kost vegna vinnu eða búsetu. Um fjórðungur fjarnema býr utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig opnar sveigjanleiki í kennslu greinilega fólki sem er í vinnu og á landsbyggðinni aðgang að námi. Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands, sem síðar sameinaðist HÍ og myndaði MVS, var upphaflega sett á fót til að sinna fólki sem starfaði við kennslu eða vildi inn á þann starfsvettvang en gat ekki stundað nám vegna búsetu úti á landi. Á síðari árum hefur bæst við stór hópur fólks sem býr á höfuðborgarsvæðinu og velur þennan kost greinilega til að



Mynd 1. Samanburður á aldursdreifingu nemenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands annars vegar og öll fræðasvið skólans hins vegar.



Mynd 2. Viðhorf nemenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands til þess að mæta reglulega í skólann – 410 af 430 svöruðu þessari spurningu.



Mynd 3. Ánægja nemenda með námið við Menntavísindasvið Háskóla Íslands eftir námsstigi og námsformi.

geta stundað nám meðfram vinnu. Almenn umræða og fjöldi skýrsla benda til þess að það sé enn nokkuð almennt viðhorf að HÍ þurfi að þjóna fólki á landsbyggðinni með því að bjóða upp á fjarnám. Á nýlegri ráðstefnu um *Nám fullorðinna, þróun dreifbýlis og gagnvirk skapandi tækni*² kom til dæmis fram hjá þátttakendum að margir þeirra sáu fjarnám einmitt sem leið til að jafna tækifæri íbúa landsins til náms. Þannig mætti sjá fjarnám við HÍ sem leið skólans til að þjóna öllum Íslendingum, óháð búsetu og aðstæðum.

Helmingur fjarnema er í vinnu. Það sem er eftirtektarvert í tengslum við atvinnuþátttöku nemenda við MVS er að flestir stunda þeir vinnu sem tengist náminu beint eða óbeint. Niðurstöðurnar benda því til þess að margir nýti námið við skólann annað hvort til að öðlast starfsréttindi á eigin starfsvettvangi eða til að auka hæfni sína á því sviði.

Nemendahópurinn á MVS er fjölbreyttari en almennt í HÍ, að minnsta kosti hvað aldur snertir. Töluverður munur er á stað- og fjarnemum þar sem staðnemendur eru yngri, búa frekar í foreldrahúsum, ljúka fleiri einingum og fleiri meðal þeirra eru í náminu af

áhuga fremur en til þess að ná sér í starfsréttindi líkt og algengara er á meðal fjarnema. Niðurstöður úr þessari spurningakönnun og símakönnunum, ásamt greiningu á eldri skýrslum og öðrum gögnum sem lýsa samtíma og spá í framtíðina, eru efniviður sem starfshópur

um þróun fjarnámsins mun nota til að smíða líkön fyrir nám og kennslu. Líkönin eiga að styðja stjórnendur og kennara við HÍ til að taka ákvarðanir um hvernig sveigjanleika á tilteknum námsleiðum og námskeiðum verður háttað.

Heimsókn

Erasmus+ heimsóknir

Anna Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

Í febrúar 2018 heimsóttu okkur góðir gestir frá Bergen í Noregi; Henning Klafstad, Sigrun Lindaas Norhagen og Xavier Bonète frá Høgskulen på Vestlandet HVL. Þau komu til að fræða okkur um námsumsjónarkerfið Canvas, rafræna kennsluhætti og hvernig hægt er að nýta vefmálstofur (e. webinars) í kennslu.

Í mars fengum við heimsókn frá Gergely Rakoczi frá Technische Universität Wien í

Austurríki. Hann kom hingað til að kynna sér áherslur Háskóla Íslands í fjarnámi og skoða hvernig við notum námsumsjónarkerfið Moodle.

Í október komu tvær konur frá Jagiellonian University í Kraká í Póllandi. Þær höfðu mikinn áhuga á starfi Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og hvernig miðstöðin vinnur eftir gæðastöðlum.

² <https://namfullordinna.is/adult-learning-rural-development-and-interactive-creative-technologies/>